

Anna Lía Guðmundsdóttir  
Drífa Kristín Prastardóttir

# Eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins



**Reykjavík 2017**

Borgarsögusafn Reykjavíkur  
Skýrsla nr. 186

Unnið að beiðni Framkvæmdasýslu ríkisins

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,  
Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Anna Lína Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir

Prófarkalestur: Sigurborg Hilmarsdóttir.

Kortavinnsla í fornleifaskrá: Anna Lína Guðmundsdóttir.

Mynd á forsíðu: Ljósmynd Lpr-4840, Þjóðminjasafn Íslands.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr.186

Reykjavík 2017

Öll réttindi áskilin.

## Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Skráning menningarminja.....	3
1.1 Almennt um verndun menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja.....	3
1.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar fornleifa .....	5
3. Eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins.....	7
4. Fornleifaskrá.....	17
5. Niðurstöður .....	19
6. Heimildir .....	19

## Formáli

Hér á eftir fer fornleifaskráning lóðar Stjórnarráðshússins. Samantekt þessi er unnin að beiðni Framkvæmdasýslu ríkisins. Stjórnarráðshúsið sjálft var upphaflega reist sem tukthús á árunum 1765-1770 í Arnarhólslandi undir brekkubrúninni austan við Lækinn. Húsið stendur á upphaflegum stað en útliti þess og umhverfi hefur verið breytt í gegnum tíðina. Fornleifaskráin nær yfir hús og mannvirki sem byggð hafa verið á lóð Stjórnarráðsins í gegnum tíðina. Byggir þessi skráning á heimildum sem eru aðallega kort og byggingarúttektir og er niðurstöður sýndar á mynd 13 og töflu 1.

Vitað er að eldri byggð var á umræddri lóð en við fornleifaeftirlit við endurgerð hússins árið 1998 kom í ljós brot af byggingu sem líklega var í notkun á 13. öld.<sup>1</sup> Byggingin gæti hafa tilheyrt býlinu Arnarhól en bæjarstæðið var þar sem nú er stytta af Ingólfi Arnarsyni. Fornleifarannsókn undir stjórn Ragnars Edvardssonar fornleifafræðings fór fram á bæjarstæðinu og víðar um hólinn árið 1993 vegna endurgerðar á hólnum.<sup>2</sup> Í skýrslu um þá rannsókn ritaði Steinunn Kristjánsdóttir sögu Arnarhóls og telur að þar hafi verið byggt skömmu eftir landnám. Elstu manvistaleifarnar sem komu í ljós við þá rannsókn lágu undir gjóskulagi frá árinu 1226 sunnan í hólnum.<sup>3</sup> Árið 2005 voru allar minjar á Arnarhóli skráðar og birtist sú skráning í skýrslu: *Húsakönnun og fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs tónlistar- og ráðstefnuhúss við Reykjavíkurhöfn*.<sup>4</sup> Þar er að finna yfirlit yfir sögu Arnarhóls, fornleifarannsóknir og fornleifar sem eru þekktar á hólnum.

Ákvæði um skráningu menningarminja er að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt.<sup>5</sup> Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar, hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri friðuð.<sup>6</sup> Jafnframt er kveðið á um að eigendum: „...húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita á lits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.“<sup>7</sup>

Fornleifaskráning er „forsenda þess að geta verndað fornleifar og koma í veg fyrir að framkvæmdaaðilar brjóti óafvitandi lög með því að skemma fornleifar er að hafa vitneskju um tilvist og staðsetningu fornleifar“.<sup>8</sup> Fornleifaskráning felur í sér skráningu fornleifa eftir heimildum og yfirborðskönnun en minjar geta einnig leynst undir yfirborði. Þegar fornleifaskráning er unnin fyrir hefðbundið deiliskipulag eru gerðar „auknar kröfur um uppmælingu minja og ítarlegri leit að fornleifum á framkvæmdasvæðum“.<sup>9</sup>

Des. 2017,

María Karen Sigurðardóttir,  
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,  
Borgarsögusafni Reykjavíkur

<sup>1</sup> Anna Lísu Guðmundsdóttir: *Framkvæmdareftirlit vegna fornleifa í grunni Stjórnarráðshússins*, 10.

<sup>2</sup> Ragnar Edvardsson: *Arnarhóll Fornleifarannsókn 1993*, Skýrslur Árbæjarsafns nr. 39.

<sup>3</sup> Ragnar Edvardsson: *Arnarhóll Fornleifarannsókn 1993*, Skýrslur Árbæjarsafns nr. 39, 4.

<sup>4</sup> Anna Lísu Guðmundsdóttir og fl. *Húsakönnun og fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs tónlistar- og ráðstefnuhúss við Reykjavíkurhöfn*.

<sup>5</sup> *Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012*. Tóku gildi 1. janúar 2013.

<sup>6</sup> *Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012*, 1. kafli, 3. gr og 7. kafli, 29. gr.

<sup>7</sup> *Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012*, 7. kafli, 30. gr.

<sup>8</sup> Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: <http://www.minjastofnun.is/> → Minjar → Skráning fornleifa. Sótt 22. maí 2015.

<sup>9</sup> Skráningarstaðlar fornleifa, bls. 2. Minjastofnun Íslands 2013. Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: <http://www.minjastofnun.is/> → Minjar → Skráning fornleifa → Skráningarstaðlar. Sótt 22. maí 2015.

# 1. Skráning menningarminja

## 1.1 Almennt um verndun menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.<sup>10</sup>

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirætlun laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirkvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

<sup>10</sup> Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013.



Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngrípir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Byggingararfur er skilgreindur í 4. gr. og teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingararfs þjóðarinnar:

- a. stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsabyrpingar og götumyndir,
- b. kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
- c. brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

Nánari ákvæði um verndun og varðveislu húsa og mannvirkja er að finna í 29. gr. laganna og samkvæmt henni eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð:

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki ná 100 ára aldri er kveðið á í 30. gr.:

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningaminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almenn er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

## 1.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar fornleifa

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur) heldurrafrænrskrár yfir menningarminjar í Reykjavík. Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2017) eru um 3000 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa. Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Minjarnar fá þrískipt númer: í fyrsta lagi landnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer úr Jarðabók Johnsens frá 1847 og í þriðja lagi hlaupandi tölu innan jarðarnúmersins. Á því rannsóknarsvæði sem hér um ræðir eru skráðar minjar í landi Arnarhóls (100975 -7).

Við skráningu menningarminja er sögu jarðanna gerð skil og varpað ljósi á þætti sem gefa upplýsingar um sögu byggðar og búskapar í nágrenninu. Þá er tegundum og hlutverki minja lýst. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa. Helstu heimildir sem stuðst er við hér eru brunavirðingar (frá og með 1844), skjöl og samþykktir byggingarnefndar Reykjavíkur (B-skjöl), kort af Reykjavík og ljósmyndir.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á gildandi skipulagsuppdrætti, sem sóttir eru í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og minjarnar hnissettar í kerfinu ISN 93 sem punktar, ef minjarnar er sýnilegar á yfirborði eru þær

mældar inn á vettvangi.<sup>11</sup> Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

**Tafla 1** Minjaflokkar

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
<b>1</b>	Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri	Rauður
<b>2</b>	Minjar frá 1918-1930	Gulur
<b>3</b>	Minjar frá 1930 og yngri	Grænn
<b>4</b>	Herminjar frá 1940 og yngri	Blár

---


<sup>11</sup> Vefur Borgarvefsjái. Vefslóð: <http://borgarvefsja.is>.



### 3. Eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins

Elstu ummerki um byggð sem þekkt er á þessu svæði er rústarbrot sem kom í ljós samhliða endurnýjun á Stjórnarráðshúsinu árið 1998. Þá var allt rífið innan úr húsinu og hreinsað var upp úr grunni þess. Rústarbrotið fannst við suðausturvegg hússins inn í húsinu. Um var að ræða grjóthleðslu og torflag með gjósku frá 1226, (7-115).<sup>12</sup> Líklega hefur þetta verið útihús frá Arnarhóli. Engin önnur mannvirki eru þekkt á lóðinni frá þessum tíma, en ekki er langt í eldri minjar á Arnarhól.

Elsta kortið sem sýnir Stjórnarráðshúsið (Tukthúsið) og lóð þess er frá árinu 1787. Á því korti er lóðin lituð græn og afmarkast af læknum í vestur en túngarði (7-94) í suður og austur að Arnahólströðinni merkt „Veij“ (7-2). Enn má greina tröðina á Arnahóli. Innan lóðar sunnan við tröðina hafa verið tvö hús, annað lítið við Lækin (7-5) en hitt aðeins stærra með garði (7-3). Vestan við tukthúsið var stór kálgarður (7-95). Utan túngarðs, sunna við tukthúsið, var stakstætt hús (7-93) sem hefur líklega verið torfhús. Hlutföllin í kortinu er ekki rétt, en líkleg staðsetning er merkt inn á mynd 13.



Mynd 1. Hluti af korti Lievogs af kaupstaðarlóðin frá árinu 1787. Tukthúsið og tukthúslóðin eru grænlituð ofarlega til hægri á myndinni.<sup>13</sup>


Uppdráttur Ohlsen og Aanum af Reykjavík frá árinu 1801 sýnir Tukthúslóðina vel afmarkaða með grjótgardi (7-94). Innan þá verandi lóðar eru tvö stakstæð torfhús, annað (7-98) við Arnahólströðina en hitt (7-99) nálægt suðvesturhorni Tukthússins innan túngarðs. Það hús sést ekki á öðrum yngri kortum af Reykjavík. Kálgarðurinn (7-95) sem var vestan við Tukthúsið og merktur er inn á kortið 1787 er ekki teiknaður inn en hlaðinn túngarður er vestan við húsið. Til er teikning sem sýnir grunn Tukthússins árið 1803, þar kemur fram eins og á kortinu frá 1801 að við *báða gaffla hússins eru litlir skúrar eða útbýggingar, en þetta voru kamrar* (númer 7-96 og 7-97).<sup>14</sup> Lóð Tukthússins hefur

<sup>12</sup> Anna Lía Guðmundsdóttir: *Framkvæmdareftirlit vegna fornleifa í grunni Stjórnarráðshússins*, 10.


<sup>13</sup> *Reykjavíkurkort. Dagatal 1986*. Kaupstaðarlóðin 1787 eftir Rasmus Lievog.

<sup>14</sup> Ohlsen & Aanum: Kort af Reykjavík 1801 í Klemens Jónsson (1929). *Saga Reykjavíkur*. Fyrra bindi. 160 – Guðný Gerður Gunnarsdóttir og fl.: *Kvosin. Byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*. Rvk. 1987, 227-228 – Óbirt, ódags. samantekt, merkt Forsætisráðuneyti og Eignaupplýsingakerfi Framkvæmdasýslu ríkisins. Afrit frá Þjóðminjasafni Íslands, dags. 23. feb. 2001.

verið í töluverðum halla og inn á kortið er merktir tveir stallar sem liggja norður- suður, annar er rétt austan við húsið og liggur í átt að tröðunum en hinn er fyrir framan húsið og sýnir háan kant við lækinn, sjá mynd 2.



Mynd 2. Stjórnarráðshúsið (Tukhúsið) litað rautt, innan túngarðs Arnarhóls, á korti af Reykjavík frá árinu 1801.<sup>15</sup>



Mynd 3. Grunnteikning af Stjórnarráðshúsinu (Tukhúsinu) eftir Ohlsens árið 1803 sem sýnir skipulag á neðri hæð hússins, en x og y eru kamrar.<sup>16</sup>

Á uppdrætti V. Lotinn af Reykjavík frá árinu 1836 eru sýnd fimm hús á lóð Stjórnarráðshússins þá, íbúðarhús Stiftamtmanns, þrjú stakstæð við austurmörk lóðarinnar (7-32, 7-33 og 7-100), og það fjórða (7-34) skammt frá suðausturhorni Stjórnarráðshússins og áfast því fimmta húsið (7-102).<sup>17</sup> Auk þess er áfastur skúr eða útbygging við norðaustur enda Stjórnarráðshússins, þar sem nú er inngönguskúr.

Lóð hússins hefur þá verið afmörkuð með garði og girðingum. Gata sunnan við lóðina, Bakarabrekkan (nú Bankastræti), hefur verið steinlögð, samhliða því hefur túngarðurinn (7-94) verið endurhlaðinn norðan við götuna og gerður beinn með götunni. Gamli göngustígurinn (7-35) í norður að brúnni (5-537) yfir Lækinn við vaðið hefur verið steinlagður. Árið 1828 var síðan gerð ný brú sem lá


<sup>15</sup> Ohlsen & Aanum, Kort af Reykjavík 1801 í Klemens Jónsson (1929). *Saga Reykjavíkur*. Fyrri bindi. 160.

<sup>16</sup> Ohlsen & Aanum, Kort af Reykjavík 1801 í Klemens Jónsson (1929). *Saga Reykjavíkur*. Fyrri bindi. 160 – Guðný Gerður Gunnarsdóttir og fl.: *Kvosin. Byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*. Rvk. 1987, 227-228 – Óbirt, ódags. samantekt, merkt Forsætisráðuneyti og Eignaupplýsingakerfi Framkvæmdasýslu ríkisins. Afrit frá Þjóðminjasafni Íslands, dags. 23. feb. 2001

<sup>17</sup> V. Lottin: Kort af Reykjavík 1836.

í beinu framhaldi frá aðaldyrum hússins yfir lækinn (7-101) fyrir vestan Stjórnarráðshúsið. Mikil garðrækt var vestan við húsið (7-95).

Litlu útbyggingarnar við gafla hússins sem voru á kortinu frá 1801 eru nú ekki sýnilegar og hafa e.t.v. verið fjarlægðar þegar húsinu var breytt í íbúðarhús stiftamtmanns um 1815 - 1819. Húsið (7-99) sem var við suðvesturhorn hússins, sem teiknað er inn á kortið frá 1801, er þá horfið.



Mynd 4. Húsin á lóð Stiftamtmanns á korti V. Lottins af Reykjavík frá árinu 1836 merkt með „3“.<sup>18</sup>

Til er virðingargerð húsa í Reykjavík frá árinu 1844 og þar á meðal er nákvæm lýsing á þáverandi húsum á lóðinni sem þá voru „Stiftamtmands Husene“.<sup>19</sup> Stiftamtmannshúsið er þá virt sem íbúðarhús, „vaaningshus“ en auk þess voru þar þá þrjú önnur hús virt:

b) Eldiviðarhús („brændehus“) úr bindingi, stærð 19,75 x 9 ál. hæð 4 -9,5 ál. (stærð 12,4 x 5,65 m, hæð 2,5-6 m).<sup>20</sup> Það stendur í um 15 ál. (9,4 m) fjarlægð frá Stjórnarráðshúsinu og er samsíða því þannig að norðurgafli þess er í línu við norðurgafli Stjórnarráðshússins, þetta er hús nr. 7-32 á lóðinni.

c) Fjós og hesthús („En koe og hestestald“) úr múruðum bindingi, stærð 14 x 9 ál. hæð 3,75-8,5 ál. (8,8 x 5,65 m, hæð 2,4-5,3 m).<sup>21</sup> Það stendur í línu við („i række med ...“) eldiviðarhúsið og í 12,75 ál. (8 m) fjarlægð frá því. Húsið þjónar sem útihús fyrir 3 hesta, 3 kýr og hænur, þetta er hús nr. 7-33 á lóðinni.

d) Heyhlaða („En hølade“) úr ómúruðum bindingi, stærð 10 x 10 ál, hæð 5-10 ál. (stærð 6,3 x 6,3 m, hæð 3-6,3 m)<sup>22</sup>, sem afmarkar að hluta lóðina til suðurs („indslutter tildels gaardspladsen fra sydsiden“) og stendur í 4,25 ál. (2,7 m) fjarlægð frá Stjórnarráðshúsinu, þetta er hús 7-34 á lóðinni. Líklegt að þetta séu sömu hús og sjást á lóð hússins á korti Lottins frá 1836 merkt nr.3 Önnur mannvirki sem þá voru einnig virt:

<sup>18</sup> Borgarsögusafn: Kortasafn, ÁBS-2011-30-75. „Plan de Reykjavik“. Kort af Reykjavík 1836, eftir V. Lottin.

<sup>19</sup> Þjóðskjalasafn: Skjalasafn sýslumanna og sveitarstjórna. Aukadómsmálabók bæjarfógeta 1840-1846. Virðingargerð húsa í Reykjavík 1844.

<sup>20</sup> Hæð hússins mælist 9,5 ál. upp að mæni en 4 ál. upp að þakskeggi.

<sup>21</sup> Hæð hússins mælist 8,5 ál. upp að mæni en 3,75 ál. upp að þakskeggi.

<sup>22</sup> Hæð hússins mælist 10 ál. upp að mæni en 5 ál. (3 m) upp að þakskeggi.

- 1) Kamar í suðausturhorni lóðarinnar („et i gaardens sydöstlige hjerne staaenda locum med 2 døre“), þetta er hús númer 7-100.
- 2) Svínastía („en svinestie“), þetta er hús númer 7-102 áfast 7-34.
- 3) Málað grindverk („malet stakit“), 123 ál. (77,2 m) á lengd og 1,75 ál. (1,1 m) á hæð.
- 4) Óheflað? grindverk („uhövlet“ stakit“), 40 ál. (25 m) á lengd og 1,75 ál. (1,1 m) á hæð.
- 5) Gamalt hátt grindverk („plankeværk“), 10,5 ál. (6,6 m) á lengd og 2 ál. (1,27 m) á hæð.

Girðingar hafa þá verið utan um lóðina og hún þá orðin vel afmörkuð.

Húsin voru virt aftur þrjátíu árum síðar eða 25. júní 1874, þá eru tvö hús á lóðinni.<sup>23</sup>

1. *Nýtt langt geymsluhús áfast austanvert við íbúðarhús Stiftamtmanns (7-103)*. Samkvæmt fyrstu brunavirðingu var þar *geymsluhús* (b) með lágu risi, stærð 28,5 x 8 x 3,75 ál. (stærð 17,89 x 5 m, hæð 2,35 m), byggt úr bindingi múruðum úr múrsteini, óklætt með hellupaki á rimlum.
2. *Minna stakstætt geymsluhús sunnanvert á lóð*, áður virt árið 1844 sem hlaða (7-34). Geymsluhús (c), 10 x 10 x 4,75 ál. að stærð (6,28 x 6,28 x 3 m), úr ómúruðum bindingi, klætt borðum og með hellupaki á rimlum.

Ekki voru virt þau fjögur stakstæðu hús sem stóðu áður austanvert á lóðinni skv. korti frá 1836 og voru virt árið 1844, þ.e.a.s. *eldiviðarhús(7-32)*, *fjós og hesthús (7-33)*, *svínastía (7-102)* og *kamar (7-100)*. Þessar byggingar hafa því verið fjarlægðar einhvern tíma á tímabilinu 1844 til 1874 og langa geymsluhúsið reist í staðinn.

Á kortum af Reykjavík frá árinu 1876 sjást að öllum líkindum sömu hús og brunavirt voru 1874. Langt hús stendur þá austanvert við norðurendann á Stjórnarráðshúsinu og er vesturgafli þess áfastur við Stjórnarráðshúsið og norðurhlíð þess í línu við norðurgafli Stjórnarráðshússins. Annað minna hús stendur þá stakstætt nálægt suðausturhorni Stjórnarráðshússins (7-34).<sup>24</sup>



Mynd 5. Kort Sveins Sveinssonar frá árinu 1876 sýnir Stjórnarráðshúsið dökkt og austan við það er langt geymsluhús og annað stakstætt sunna við húsið, grjótgarður afmarkar lóðina í austur frá Bakarabrekku að geymsluhúsi.

Árið 1883 var geymsluhús (7-103) virt aftur, þá er tekið fram að „[h]liðarhúsið geymsluhús b hefur töluvert gengið af sjer og bindingur farin [sic] að fúna[?] til muna[?]“.<sup>25</sup> Ekki eru þá virt önnur hús á lóðinni, þó stendur hlaðan (7-34/105) enn suðaustan við húsið.

<sup>23</sup> Borgarskjalasafn: Aðf. 733. Brunabótavirðingar 25.6.1874-30.6.1888. Brunavirðing nr. 3 fyrir „Arnarhólslóð“, „Landshöfðingjahúsið“, dags. 25.6.1874 (brnr. 17).

<sup>24</sup> Reykjavíkurlort. Dagatal 1986. Kort af Reykjavík 1876 eftir Sveinn Sveinsson.

<sup>25</sup> Borgarskjalasafn: Brunavirðing 29.9.1883.



Mynd 6. Horft í vestur um árið 1875, vestan við Stjórnarráðshúsið sést geymslan eða hlaðann sem var byggð 1844, auk grjótgarða, steinhleðslur liggja samsíða Stjórnarráðshúsinu og í austur frá glugga tvö að sunnan, líklegt er að þetta séu skólprennur.<sup>26</sup>

Í brunavirðingu frá 16. september 1885 kemur fram að Thorberg landshöfðingi hafi látið rífa geymsluhúsið (b) (7-103) sem var áfast við húsið og byggja upp aftur úr bindingi, og var nýja geymsluhúsið jafn stórt að grunnfleti og það fyrra, 28,5 x 8 x 4 ál. (17,89 x 5 m hæð 2,5 m) og að mestu leyti múrað með múrsteini. Á þaki var sumpart hella og sumpart járn. Húsið var hólfað í sex herbergi og undir því (að hluta [?]) var kjallari sem skipt var í tvö geymsluherbergi (þetta hús fær númerið 7-104).



Mynd 5. Horft í suðvestur að Stjórnarráðshúsinu árið 1882, miklir grjótagarðar (7-106) liggja frá norðvesturhorni hússins í átt að Læknum, norðan við Stjórnarráðshúsið er lítill kofi (7-30) grjóthlaðinn með torfþaki, ekki er vitað hvaða hlutverki hann þjónaði. Við norðaustur horn Stjórnarráðshússins sér í viðbygginguna austur frá norðurenda hússins.<sup>27</sup>

<sup>26</sup> Ljósmyndari Sigfús Eymundsson, SEy-593, Þjóðminjasafn Íslands.

<sup>27</sup> Ljósmyndari Sigfús Eymundsson, Lpr-499, Þjóðminjasafn Íslands.



Mynd 6. Kort Benedikts Gröndal frá árinu 1887 sýnir Stjórnarráðshúsið rautt og austan við það er langt geymsluhús og annað stakstætt, sem lítur út fyrir að hafa verið lengt í austur, tveir kálgarðar eru vestan við húsið.<sup>28</sup>

Á kortum af Reykjavík frá 1887 sést langt hús áfast við Stjórnarráðshúsið á sama stað og á kortinu frá 1876, þ.e. austanvert við norðurenda þess með norðurhlið í línu við norðurgafli Stjórnarráðshússins. *Er þar væntanlega um að ræða nýja geymsluhúsið sem brunavirt var 1885 (7-104).*<sup>29</sup> Einnig er þar sýnt annað minna hús á lóðinni, stakstætt, nálægt suðausturhorni Stjórnarráðshússins, og gæti verið um að ræða sama hús og virt var árið 1874 og er sýnt á kortum 1836 og 1876. *Þó virðist þetta hús vera lengra en stakstæða geymsluhúsið (c) (7-34) sem virt var 1874 og afstaða þess á lóðinni lítið eitt önnur en hússins sem sést á eldri kortunum og fær það því númerið 7-105.* Ekki eru sýnd önnur hús á lóðinni á þessu korti, utan Stjórnarráðshússins, en tveir matjurtagarðar eru teiknaðir inn suðvestanvert á lóðinni og tvær girðingar (grjóthlaðnir veggir), annars vegar meðfram austurmörkum lóðarinnar og niður með Bakarabrekku (7-111) og hins vegar frá norðvesturhorni Stjórnarráðshússins til vesturs að læknum, (7-106). Austan við Stjórnarráðslóðina er búið að byggja Bankastræti 3 (1882).



Mynd 7. Hluti af korti danska herföngjaráðsins af Reykjavík frá 1902. Stjórnarráðshúsið merkt með tölunni 23.<sup>30</sup>

<sup>28</sup> Borgarsögusafn: Kortasafn. „Reykjavík 1887“. Kort teiknað af Benedikt Gröndal 1890 eftir mælingum Sveins Sveinssonar 1887. Frumrit varðveitt á Borgarsögusafni.

<sup>29</sup> Borgarsögusafn: Kortasafn. „Reykjavík 1887“. Kort teiknað af Benedikt Gröndal 1890 eftir mælingum Sveins Sveinssonar 1887. Frumrit varðveitt á Borgarsögusafni.

<sup>30</sup> Landmælingar Íslands: Kort danska herföngjaráðsins af Reykjavík frá 1902.

Í skjölum byggingarnefndar Reykjavíkur um lóð Stjórnarráðshússins („Lækjartorg – Stjórnarráðshúsið“) kemur fram að árið 1893 var „Landssjóði útvís. byggingarstæði á Arnarhólslóð við suðausturhorn Kalkofnslóðarinnar undir geymsluhús 7 x 12 ál. [4,4 x 7 m].“<sup>31</sup> Þetta hús er líklega sama húsið og er númer 7-105 á korti Benedikts Gröndal frá árinu 1887 (komið hefur í ljós að ártali á kortum og byggingarskjölum ber ekki alltaf saman).

Á korti danska herforingjaráðsins af Reykjavík frá 1902 (mynd 7) eru sýnd tvö hús á lóðinni auk Stjórnarráðshússins. Annars vegar er sýnt langt hús austanvert við Stjórnarráðshúsið með norðurhlið í línu við norðurgafli Stjórnarráðshússins og virðist það geta verið sama hús og virt var 1885 og sýnt á korti Benedikts Gröndal frá árinu 1887 (17,89 x 5 m, hæð 2,5 m, nr.7-104). Hins vegar er sýnt annað minna hús á lóðinni, stakstætt, nálægt suðausturhorni Stjórnarráðshússins, og gæti verið um að ræða hlöðu/geymsluhús sem virt var árið 1887 (nr. 7-105).

Á korti af Reykjavík sem Knud Zimsen teiknaði um 1902-1907 er einungis sýnt eitt annað hús á lóðinni utan Stjórnarráðshússins en það er stakstætt hús sem stendur austan við Stjórnarráðshúsið, með norðurhlið í línu við norðurgafli þess, á svipuðum stað og langt áfast geymsluhús var áður sýnt (7-104). Þetta hús er styttra til vesturs og ekki áfast við Stjórnarráðshúsið (áætluð stærð 13,5 x 6 m).<sup>32</sup> Þetta hús fær númerið 7-107. Á þessu korti er búið að afmarka lóð Bankastrætis 3, líklega með grágrýtishleðslu og lóðin þá afmörkuð í austur eins og hún er nú. Auk þess er sýndur grjótgarður með Bakarabrekkunni (Bankastræti) sem afmarka lóðina í suður líklega sami garður og er sýndur á kortinu 1836, en þessi grjótgarður er nú líklega utan lóðar í götustæði Bankastrætis.

Á korti Knud Zimsen er ekki sýnt stakstæða húsið sem áður stóð suðaustanvert á lóðinni (hlaða 7-105) og heimildir eru um frá árunum 1887-1902,<sup>33</sup> það hefur því verið fjarlæggt um 1902.



Mynd 8. Hluti af korti af Reykjavík sem Knud Zimsen teiknaði um 1902-1907.<sup>34</sup>

Greinilegt er að kortið frá Danska herforingjaráðinu sýni aðeins eldra skipulag en kort Knud Zimsen, þó að þau eigi að sýna svipaðan tíma eða um árið 1902. Engin skjöl fundust um byggingu geymsluhús 7-107, en það hefur verið um 13,5 x 6 m að grunnfleti.

<sup>31</sup> Borgarskjalasafn: B-skjöl, skjöl byggingarnefndar fyrir „Lækjartorg – Stjórnarráðshúsið“ (B-305).

<sup>32</sup> K. Zimsen: Kort af Reykjavík 1902-1907. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, Landupplýsingar Rafrænt eintak hjá BSS.

<sup>33</sup> Brunavirðingar 1874 og kort 1887 og 1902

<sup>34</sup> K. Zimsen: Kort af Reykjavík 1902-1907. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, Landupplýsingar Rafrænt eintak hjá BSS.

Í bókunum byggingarnefndar um Stjórnarráðshúsið kemur fram að árið **1907** var „[!]eyft *vagnhús* til bráðabirgða norðan við geymsluhúsið“<sup>35</sup> **7-107**, húsið var sagt 3,45 m á lengd, en breidd ekki kunn“.<sup>36</sup> En hús þetta hefur verið um 6 m á lengd<sup>37</sup> þessi viðbygging fær númerið **7-108**.



Mynd 9. Konungskoman 1907, Friðrik VIII., Hannes Hafsteins og fylgdarlið á hestum neðst á Hverfisgötu á móts við Stjórnarráðshúsið. Í baksýn ber geymsluhúsið (7-107), auk óljósrar byggingar, 7-108, þar norðan við.<sup>38</sup>

Í bókum byggingarnefndar um Stjórnarráðshúsið árið **1912** kemur fram „[!]eyfð viðbót austan við geymsluhúsið 3,45 m á lengd en breidd hússins ekki kunn“<sup>39</sup> (**7-109**). Þessar viðbyggingar koma fram á korti sem teiknað er eftir mælingum Ólafs Þorsteinssonar frá árunum 1915-1918, sjá mynd 12.

<sup>35</sup> Borgarskjalasafn: B-skjöl, skjöl byggingarnefndar fyrir „Lækjartorg – Stjórnarráðshúsið“ (B-305).


<sup>36</sup> Borgarskjalasafn: B-skjöl, skjöl byggingarnefndar fyrir „Lækjartorg – Stjórnarráðshúsið“ (B-305).

<sup>37</sup> Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, Landupplýsingar: Kortasafn. „Reykjavíkur kaupstaður“. Kort teiknað af G.V. Aaderup eftir mælingum Ólafs Þorsteinssonar 1915-1918. Frumrit varðveitt hjá Landupplýsingum, Reykjavíkurborg.

<sup>38</sup> Ljósmynd Lpr-4840, Þjóðminjasafn Íslands.

<sup>39</sup> Borgarskjalasafn: Bókanir byggingarnefndar fyrir Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg (B-305).





Mynd 10. Hluti af korti Ólafs Þorsteinssonar frá 1915-18.

Árið 1917 voru virt fjögur hús á lóðinni,<sup>40</sup> auk Stjórnarráðshússins (a):

b) Við austurhlíð Stjórnarráðshússins er virtur *nýr steinsteyptur skúr* með jarnþaki, 5 x 3,5 x 4 ál. (3,14 x 2,2 m, hæð 2,5 m) að stærð, sem stendur enn.

c) Austar á lóðinni er *einlyft hús með risi og kjallara*, byggt úr bindingi og klætt með jarni, 24 x 8 x 4,5 ál. (15 x 5 m, hæð 2,8 m) að stærð. Í því er íbúð (fjögur herbergi og eldhús) og bókbandsvinnustofa. Kjallari, 2,5 ál. (1,6 m) á hæð, er undir húsinu öllu með þvottahúsi og fjórum geymsluklefum. Þetta er húsið sem var byggt sem geymsla fyrir árið 1902 og engin gögn eru til um, auk viðbyggingar austan við það sem var byggð 1912, (7-107 og 7-109).

d) *Inngönguskúr* er við norðurhlíð þess húss (c), byggður eins og það, 5 x 4 x 4,5 ál. (3,14 x 2,5 x 2,8 m) að stærð. Áður var þetta *vagnahús*, (7-108) fyrst byggt 1907.

e) Sunnar á sömu lóð er *geymsluhús* úr bindingi sem utan á er hlaðið steini, sementssléttað og með jarnþaki, 13 x 10 x 5,5 ál. (8,2 x 6,3 x 3,45 m) að stærð. Þetta hús er þá nýtt og stendur en á lóðinni, er aftara húsið, fær númerið **7-113**.


Árið 1928 er virtur *nýr bifreiðaskúr* á lóðinni, byggður úr steinsteypu á þrjá vegu en annar gaflinn úr timbri, með jarnklæddu skáþaki og vængjahurðum, 5,2 x 6,5 m, hæð 2,6 m.<sup>41</sup> Fremra húsið, stendur enn, fær númer **7-114**.

Öll þessi hús voru síðan virt aftur árið 1934 og 1942 án mikilla breytinga. Stóra geymsluhúsið/íbúðarhúsið sem sést á myndum 11 og 12, var síðan rífið eftir árið 1976<sup>42</sup> og nú er þar bílplan.


<sup>40</sup> Borgarskjalasafn: Aðf. 738. Brunabótavirðingar 26.5.1915-10.11.1917. Brunavirðing nr. 1 fyrir „Stjórnarráðshús Íslands við Lækjargötu“, dags. 10.11.1917 (brnr. 17).

<sup>41</sup> Borgarskjalasafn: Aðf. 744. Brunabótavirðingar 21.1.1928-21.6.1930. Brunavirðing nr. 2 fyrir „Hús ríkissjóðs Íslands, Stjórnarráðshús við Lækjargötu“, dags. 21.6.1928 (brnr. 17).

<sup>42</sup> Húsið sést á ljósmynd: 365 götur Hverfisgata 1.jpg, sem var tekinn 1976.



Mynd 11. Horft frá Arnarhól í suður að Hverfisgötu 4 og geymsluhúsi/íbúðarhúsi (7-107,108 og 109) austan við Stjórnarráðshúsið árið 1944.<sup>43</sup>




Mynd 12. Horft í austur að Stjórnarráðshúsinu árið 1946.<sup>44</sup>

<sup>43</sup> Ljósmyndari Sigurhans Vignir, VIG ÁBS 008 1-1. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

<sup>44</sup> Ljósmyndari Sigurhans Vignir, VIG ÁBS 019 1-1. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

## 4. Fornleifaskrá

Á skráningarsvæðinu eru þekktar 23 fornleifar samkvæmt heimildum, það er að segja kortum og skjölum. Allar hafa þær hafa verið staðsettar, það var gert með því að strekkja gömul kort yfir nýjan grunn í LUKR. Útlínur mannvirkjanna eru dregnar upp og leiðrétt að hluta samkvæmt upplýsingum úr brunavirðingum húsanna frá svipuðum tíma. Komið hefur í ljós að elstu kortin eru ekki öll nákvæm hvorki varðandi stærð húsa né tíma en þau gefa góðar upplýsingar um að að þessum slóðum sé að finna mannvirki.<sup>45</sup> Mannvirkin voru síðan lituð eftir því á hvað korti þau birtast fyrst. Þau eru því í flestum tilfellum eldri en litur þeirra gefur til kynna, sjá mynd 13.



Mynd 13. Skráningarsvæðið er afmarkað með bleikri brotinni línu, skráð mannvirki er merkt með rauðum punkti (fornleifar) og útlínur þeirra eru afmarkaðar með þeim lit sem vísar til þess hvenær mannvirkið var fyrst sýnt á korti.<sup>46</sup>

Upplýsingar um minjarnar er að finna í kafla 3.

<sup>45</sup> Anna Lísu Guðmundsdóttir, *Þéttbýlismyndun í Reykjavík á 18. öld, samanburður ritheimilda og fornleifa*, 21.

<sup>46</sup> Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukr01.reykjavik.is/borgarvefsja/>. Sótt 10. des. 2017. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísu Guðmundsdóttir.

Tafla 1. Fornleifar á lóð Stjórnarráðsins

Númer	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd	Breidd	Ástand	Horfin
7-30	Kofi	Heimild	1836-1882	357211	408271	2,5	2,0	Ómetið	Já
7-32	Eldiviðarhús	Heimild	1836-1874	357195	408254	10,0	5,0	Ómetið	Að hluta
7-33	Hús, Hesthús, Fjós	Heimild	1836-1874	357186	408240	10,0	5,0	Ómetið	Já
7-34	Geymsla, Hús	Heimild	1836-1874	357171	408240	5,0	5,0	Ómetið	Já
7-35	Troðningur, Stígur	Heimild	1801-1850	357183	408280	60,0	2,0	Ómetið	Já
7-93	Torfhús	Heimild	1787-1801	357156	408236	5	4	Ómetið	Já
7-94	Túngarður	Heimild	1787	357188	408218	200	2	Ómetið	Já
7-95	Kálgarður	Heimild	1787	357156	408249	25	20	Ómetið	Já
7-96	Kamar	Heimild	1801-1815	357165	408246	4	3	Ómetið	Að hluta
7-97	Kamar	Heimild	1801-1815	357180	408270	4	3	Ómetið	Já
7-99	Útihús	Heimild	1801-1836	357161	408240	6	5	Ómetið	Að hluta
7-100	Kamar	Heimild	1844-1876	357181	408224	6	5,5	Ómetið	
7-102	Svínastía	Heimild	1836-1874	357169	408230	6,3	5,5	Ómetið	Að hluta
7-103	Geymsla	Heimild	1874-1885	357191	408260	17,9	5,0	Ómetið	Að hluta
7-104	Geymsla	Heimild	1885-1902	357193	408259	17,9	5,0	Ómetið	Að hluta
7-105	Útihús	Heimild	1874-1902	357177	408231	8,0	4,5	Ómetið	Að hluta
7-106	Girðing, f. garða	Heimild	1876-1887	357172	408277	27,0	1,5	Ómetið	Já
7-107	Geymsluhús	Heimild	1902-1976	357202	408253	13,7	5,7	Ómetið	Að hluta
7-108	Vagnhús	Heimild	1912-1976	357202	408259	6,9	3,8	Ómetið	Að hluta
7-109	Viðbygging	Heimild	1887-1976	357204	408252	6,0	2,7	Ómetið	Að hluta
7-110	Skúr	Heimild	1836-1876	357187	408263	3,7	2,4	Ómetið	Já
7-111	Grjótgarður	Heimild	1887-1902	357201	408246	34,0	2,0	Ómetið	Að mestu
7-112	Grjótgarður	Heimild	1902	357190	408229	18,0	0,6	Ómetið	Að hluta
7-113	Geymsluhús	Hús	1917	357200	408238	8,2	6,3	Ómetið	Nei
7-114	Bílskúr	Hús	1928	357203	408244	5,2	6,5	Ómetið	Nei
7-115	Fornleifarannsókn	Rúst	1226	357176	408247	3,0	3,0	Ómetið	Nei

## 5. Niðurstöður

Á núverandi lóð Stjórnarráðsins eru 23 skráðar fornleifar. Stjórnarráðshúsið var byggt árið 1765 og var lóð hússins þá mun stærri eða stór hluti af túni býlisins Arnarhóls. Elstu minjarnar á núverandi lóð eru hluti af rúst sem fannst inni í grunni Stjórnarráðsins og líklegt er að sambærilegar minjar séu fyrir austan húsið. Aðallega má búast við að finna fornleifarnar fyrir austan og sunnan húsið en þar voru útihús og geymslur frá upphafi 19. aldar (sjá mynd 13). Húsið var á sínum tíma byggt á stalli í landinu og fyrir austan húsið var brekka sem virðist hafa verið með svipuðum halla og Bankastræti (áður Bakarabrekka), sjá mynd 5. Nú er að sjá að lóðin hafi verið lækkuð austan við húsið um 1 m eða meira. Má því búast við að hluti af þessum minjum sé horfinn á suðausturhluta lóðarinnar. Þar sem bílastæði er nú norðaustan við Stjórnarráðshúsið er þekkt að þar stóðu byggingar frá því um aldamótin 1800 til ársins 1976. Fyrir vestan og norðan húsið eru ekki þekktar byggingar en þar voru grjóthlaðnir göngustígar og grjótgarðar, líklega til að varna því að Lækurinn myndi flæddi inn á lóðina. Þar voru auk þess stórir kál- og skrautgarðar í gegnum tíðina.

## 6. Heimildir

### Óprentaðar / Óútgefnar heimildir

Borgarskjalasafn Reykjavíkur:

Aðf. 733. Brunabótavirðingar 25.6.1874-30.6.1888.

Aðf. 738. Brunabótavirðingar 26.5.1915-10.11.1917.

Aðf. 744. Brunabótavirðingar 21.1.1928-21.6.1930.

Aðf. 746. Brunabótavirðingar 21.8.1933-21.5.1937.

Aðf. 747. Brunabótavirðingar 21.6.1937-21.4.1942.

B-skjöl, skjöl byggingarnefndar fyrir „Lækjartorg – Stjórnarráðshúsið“ (B-305).

Borgarsögusafn Reykjavíkur:

Kortasafn:

ÁBS-2011-30-75. „Plan de Reykjavík“. Kort af Reykjavík 1836, eftir V. Lottin. Prentað eintak.

Hér tekið eftir mynd í prentuðu dagatali : *Reykjavíkurkort - Dagatal 1986*, útg. af

Árbæjarsafni. Reykjavík 1986.

Reykjavík 1887“. Kort teiknað af Benedikt Gröndal 1890 eftir mælingum Sveins Sveinssonar

1887. Frumrit varðveitt á Borgarsögusafni.

Forsætisráðuneytið:

“Byggingarsaga Stjórnarráðshússins”. Óbirt, ódags. samantekt, merkt Forsætisráðuneyti og Eignaupplýsingakerfi Framkvæmdasýslu ríkisins. Afrit frá Þjóðminjasafni Íslands, dags. 23. feb. 2001.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, Landupplýsingar:

Kortasafn:

Kort K. Zimsen af Reykjavík 1902-1907.

„Reykjavík kaupstaður“. Kort teiknað af G.V. Aaderup eftir mælingum Ólafs

Þorsteinssonar 1915-1918. Frumrit varðveitt hjá Landupplýsingum, Reykjavíkurborg.

Þjóðskjalasafn Íslands:

Korta- og teikningasafn.

Grunnteikning af fangahúsinu í Reykjavík, gerð af norska liðsforingjanum og strandmælingamanninum Ole Ohlsen 1803. Var með skoðunargerð á húsinu frá 23. ágúst 1903.

„Uppdráttur Reykjavík 1876“, eftir Svein Sveinsson búfræðing. Prentað eintak.

Skjalasafn sýslumanna og sveitarstjórna.

Aukadómssmálabók bæjarfógeta 1840-1846. Virðingargerð húsa í Reykjavík 1844.

### **Prentaðar / útgefnar heimildir**

Anna Lía Guðmundsdóttir, *Framkvæmdareftirlit vegna fornleifa í grunni Stjórnarráðshússins*. Skýrsla nr. 67. Árbæjarsafn, 1998.

Anna Lía Guðmundsdóttir og fl., *Húsakönnun og fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs tónlistar- og ráðstefnuhúss við Reykjavíkurböfn*. Skýrsla nr. 117, Minjasafn Reykjavíkur, 2005.

Anna Lía Guðmundsdóttir, *Péttbýlismyndun í Reykjavík á 18. öld, samanburður ritheimilda og fornleifa*. Skýrsla nr. 158, Minjasafn Reykjavíkur, 2011.

*Reykjavíkurkort - Dagatal 1986*. Útg. af Árbæjarsafni. Reykjavík 1986.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Hjörleifur Stefánsson og Guðmundur Ingólfsson: *Kvosin. Byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*. Reykjavík 1987.

Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Ohlsen & Aanums: Kort af Reykjavík 1801, hér tekið úr Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur*, fyrri bindi, Reykjavík 1929.

Ragnar Edvardsson, *Arnarhóll Fornleifarannsókn 1993*. Skýrsla nr. 39. Árbæjarsafn, 1994.

Skipulagslög 2010 – nr. 123 – 22. september. Tóku gildi 1. janúar 2011.

Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands 2013.

### **Vefsíður:**

Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>

Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: <http://www.minjastofnun.is/>, Minjar ,Skráning fornleifa. Sótt 10. des. 2017.

## Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

- 133 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Kringlan, Listabraut, Kringlumýrarbraut, Miklabraut*. Rvk. 2006.
- 134 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Lindargata 50 – 62*. Rvk. 2007.
- 135 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Seljavegur, Ánanaust, Holtsgata, Vesturgata*. Rvk. 2007.
- 136 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur fyrir Rauðavatn*. Rvk. 2007.
- 137 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Skólavörðustígur, Kárestígur, Frakkastígur*. Rvk. 2007.
- 138 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Baldursgata, Þórsdaga, Njarðargata, Freyjugata*. Rvk. 2008.
- 139 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdasvæðinu*. Rvk. 2008.
- 140 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Grimsstaðaholtið og nágrenni*. Rvk. 2008.
- 141 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna gerðar Hallsvegur-Úlfarsfellsvegur*. Rvk. 2008.
- 142 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Túngata, Hofsvallagata, Hávallagata, Bræðraborgarstígur*. Rvk. 2008.
- 143 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Urðarstígur, Njarðargata, Bergstaðastræti, Baldursgata*. Rvk. 2008.
- 144 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Skólavörðustígur, Njarðargata, Þórsdaga, Baldursgata, Lokastígur, Týsgata*. Rvk. 2009.
- 145 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Þormódsstaða*. Rvk. 2009.
- 146 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Örfirisey og Grandinn*. Rvk. 2009.
- 147 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Örfirisey og Grandinn*. Rvk. 2009.
- 148 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Samtún, Nóatún, Miðtún, Hátún, Höfðatún*. Rvk. 2009.
- 149 Guðfinna Ósk Erlingsdóttir og Bragi Bergsson: *Húsakönnun. Hagamelur, Hofsvallagata, Hringbraut, Furumelur*. Rvk. 2009.
- 150 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Laugarnesvegur, Sundlaugavegur, Laugalækur, Hrisateigur, Otrateigur*. Rvk. 2009.
- 151 Helga Maureen Gylfadóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Pétur H. Ármannsson: *Húsakönnun. Vogahverfi*. Rvk. 2010.
- 152 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur að Hólmsá*. Rvk. 2010.
- 153 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Ártúns á Kjalarnesi*. Rvk. 2010.
- 154 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Vesturvallagata, Sólvallagata, Framnesvegur, Holtsgata*. Rvk. 2010.
- 155 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Landspítalalóðar*. Rvk. 2011.
- 156 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Grundarstígur, Skálholtsstígur, Þingholtsstræti, Spítalastígur*. Rvk. 2011.
- 157 Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ingólfstorg og nágrenni. Skrá yfir fornleifar og hús í vesturhluta Kvosar*. Rvk. 2011.
- 158 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Þéttbýlismyndun í Reykjavík á 18. öld. Samanburður ritheimilda og fornleifa*. Rvk. 2011.
- 159 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Rannsókn á seljum í Reykjavík*. Rvk. 2011.
- 160 Anna Lís Guðmundsdóttir og Sverrir Snævar Jónsson: *Fornleifaskráning og jarðsjármælingar í miðbæ Reykjavíkur*. Rvk. 2012.
- 161 Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsnýri, Seljamyri, Óskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2013.
- 162 Anna Lís Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur*. Rvk. 2013.
- 163 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2013.
- 164 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Rvk. 2014.
- 165 Bragi Bergsson: *Almenningsgarðar í Reykjavík*. Rvk. 2014.
- 166 Drífa Kristín Þrastardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Arnarholt á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 167 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Vallá á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 168 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Framkvæmdarefirlit á bæjarstæði Breiðholts*. Rvk. 2014.
- 169 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Stórasels*. Rvk. 2014.
- 170 Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Skrauthólar á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
- 171 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna María Bogadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir: *Vogabyggð. Svæði 1-3. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
- 172 Margrét Björk Magnúsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir: *Framkvæmdarefirlit vegna viðhalds á Árbæ 2015*. Rvk. 2015.
- 173 Anna Lís Guðmundsdóttir, Anna María Bogadóttir: *Kirkjusandur. Borgartún 41 og Kirkjusandur 2. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2016.
- 174 Drífa Kristín Þrastardóttir: *Kirkjugarður í landi Lambhaga við Úlfarsfell. Fornleifaskráning*. Rvk. 2016.
- 175 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Kennaraháskólareitur. Stakkahlíð, Háteigsvegur, Bölstaðarhlíð*. Rvk. 2016.
- 176 Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Keilugrandi, Boðagrandi, Fjörugrandi*. Rvk. 2016.
- 177 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Grundarstígsreitir*. Rvk. 2016.
- 178 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Hafnarstræti frá Pósthússtræti að Tryggvagötu. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.
- 179 Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornarætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016*. Rvk. 2017.
- 180 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Hof 1. Landnúmer 125848. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.
- 181 María Gísladóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Borgartún 34-36. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 182 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Ellidaárdalur. Svæðið norðan Stekkjarbakka. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 183 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7 – Árbær*. Rvk. 2017.
- 184 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Heklureitir. Bolholt, Brautarholt, Laugavegur, Nóatún, Skipholt*. Rvk. 2017.
- 185 Anna María Bogadóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Skeifan. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.